

Reikningsskilaráð ríkisins

47. Fundur – 9. september 2020 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingbór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason var í fjarsambandi.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 46. fundar samþykkt.

2. Erindi til ráðsins

Farið var yfir erindi til ráðsins. Unnið er á vegum ráðsins við að skoða erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um flokkun og starfsemi HMS og ÍL sjóðs.

Fastir vinnuhópar sem heyra undir ráðið eru ekki með útistandandi erindi.

3. Ríkisreikningur 2019

Ríkisreikningur 2019 var birtur á vef Fjársýslu ríkisins þann 9. júlí sl. Fjársýslustjóri gerði grein fyrir helstu niðurstöðum ársins. Jafnframt fór hann yfir verklag við gerð reikningsins, skýrði frá hvað tókst vel og úr hverju þarf að bæta.

4. Frestun staðla

Við gerð ríkisreiknings 2019 heimilaði reikningsskilaráð frestun á innleiðingu nokkurra staðla. Í bókun ráðsins sl. vor kom m.a. fram að fyrir 1. nóvember nk. eigi fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins að leggja fram tímasetta áætlun fyrir reikningsskilaráð um hvernig unnið verður að því að uppfylla kröfur frestaðra staðla.

5. Svar Eurostat

Í ágúst barst svar Eurostat við formlegu erindi Hagstofu Íslands varðandi flokkun Húsnæðissjóðs. Fulltrúar Hagstofunnar, Gunnar Axelsson og Anna Jónsdóttir mættu á fundinn og gerðu grein fyrir niðurstöðum. Í aðalatriðum felst í niðurstöðum Eurostat að starfsemi Íbúðalánasjóðs og sambærilegra stofnana sem taka við því hlutverki samkvæmt nýjum lögum eigi að falla undir hið opinbera í þjóðhagsreikningum. Í þessu felst að við endurvinnslu þjóðhagsreikninga sem Hagstofan vinnur að um þessar mundir mun Íbúðalánasjóður flokkast innan A-hluta ríkissjóðs, þ.e. frá 1999. Jafnframt munu allar þær stofnanir sem taka við hlutverki hans með nýjum lögum flokkast með sama hætti í framtíðinni.

6. Breytt flokkun – áhrif og útfærsla

Undanfarið hefur mikið verið fjallað um flokkun ríkisaðila bæði innan ráðsins og Hagstofu Íslands. Nægir þar að nefna erindi varðandi flokkun LÍN, MSN, ÍL-sjóðs o.fl. Í ljósi þeirrar þekkingar sem hefur fengist við þá yfirferð er full ástæða til að yfirfara núverandi flokkun á einstökum aðilum innan B- og C-hluta ríkissjóðs.

Niðurstaða ráðsins var að leggja til að Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands, Fjársýsla ríkisins og Ríkisendurskoðun skipi fastan vinnuhóp sem hefur það hlutverk að ákvarða flokkun einstakra ríkisaðila. Flokkun allra ríkisaðila skal ávallt samþykkt af þessum vinnuhópi.

Vinnuhópurinn fær strax í upphafi eftirfarandi tvö verkefni: a) fara yfir og stilla upp mögulegum áhrifum þess á framsetningu opinberra fjármála að LÍN, MSN, ÍL-sjóður flokkast innan A-hluta ríkissjóðs. Hluti verkefnisins er að stilla upp afleiddum rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymi fyrir A-hluta ríkissjóðs við þessa yfirfærslu;

b) Markviss yfirferð á flokkun einstakra B- og C-hluta aðila m.a. með tilliti til þess hverjir eiga að flytjast yfir í A-hluta.

7. Ríkisendurskoðun, endurskoðunarskýrsla ríkisreiknings 2019

Upplýst var að vinna við endurskoðunarskýrslu er langt kominn og mun skýrslan fara í umsögn síðar í þessari viku.

8. Önnur mál.

Rætt var um að 3 nýir IPSAS staðlar verða birtir á næsta ári. Staðlarnir fjalla um Capital transfers og verða á dagskrá á næsta fundi.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl. 10:30

Næsti fundur miðvikudaginn 7. okt kl. 09:00